



Sjálfsmatsáætlun

2023-2028

Ábyrgðaraðili

Guðlaug Sturlaugsdóttir

skólastjóri

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Árbæjarskóli	5
2.1 Tilgangur og markmið matsins	6
2.2 Matsteymið	7
3. Fræðileg umfjöllun	8
3.1 Ytra mat grunnskóla og áhrif þess á innra mat	9
3.2 Nálganir	9
4. Aðferðir og framkvæmd	10
4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun	12
4.2 Sérverkefni skóla	16
4.3 Aðrar kannanir	16
4.4 Skimanir stoðþjónustu	17
5. Lokaorð	19
Heimildaskrá	20

1. Inngangur

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig sjálfsmati verður sinnt í Árbæjarskóla. Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum, greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Markmiðið er að styrkja innviði starfsins, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara.

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Í 36. grein stendur:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í 35. grein er rætt um markmið matsins:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Það er því að mörgu að hyggja þegar sjálfsmatsáætlun er gerð og nauðsynlegt að vandað sé til verka. Í þessari áætlun verður lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig verður horft til þátta sem matsfræðin leggja áherslu á. Þessu til viðbótar verður horft til viðmiðunarlista vegna ytra mats skóla hjá Menntamálastofnun. Nýr viðmiðunarlisti var uppfærður haustið 2022.

Í öðrum kafla sjálfsmatsáætlunarinnar kynnumst við Árbæjarskóla, fáum upplýsingar um markmið og tilgang matsins svo og matsteymið. Í þriðja kafla er rætt um áhrif ytra mats á sjálfsmat skólans, kenningar og nálganir. Í fjórða kafla er komið að sjálfsmatinu sjálfu,

aðferðum og framkvæmd, grunni að sjálfsmatsáætlun, öðrum matsverkefnum o.fl. Í viðauka við sjálfsmatsáætlunina er að finna ítarlega lýsingu á grunni sjálfsmatsáætlunarinnar auk fylgiskjala.

Þessi áætlun er gerð til 5 ára en verður uppfærð árlega. Því má vera að nýjum matstækjum verði bætt við svo sem Matsferli sem áætlað er að verði tekinn í notkun 2024 auk þess sem öðrum kann að vera skipt út, gagnist þau ekki sem skyldi.

2. Árbæjarskóli

Árbæjarskóli er heildstæður grunnskóli þar sem grundvöllur starfsins er almenn menntun nemenda sem byggir á Aðalnámskrá grunnskóla og þeirri stefnu sem mörkuð er af fræðsluyfirvöldum Reykjavíkur. Áhersla er á teymisvinnu í skólanum og samvinnu allra, auk þess sem samvinna við grenndarsamfélagið er skólanum afar mikilvæg.

Í skólastarfinu er haft að leiðarljósi að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái hámarksárangri. Góður grunnskóli er ein styrkasta stoðin í hverju samfélagi. Í Árbæjarskóla er því lögð áhersla á að gagnkvæmt traust ríki á milli grenndarsamfélagsins og starfsmanna skólans og að skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Starfið mótast af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni, þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Í skólastarfi Árbæjarskóla er nemandinn í öndvegi. Megináhersla er lögð á vellíðan og vandaða menntun en nauðsynlegt er að þetta fari saman enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu grunnskólastarfi.

Í Árbæjarskóla er lögð áhersla á að markvissa starfsþróun kennara bæði formlega og óformlega. Sem dæmi má nefna að starfsfólk skólans vinnur að innleiðingu leiðsagnarnáms en í aðalnámskrá grunnskóla er rík áhersla á [leiðsagnarmat/leiðsagnarnám](#).

Í Árbæjarskóla er mikilvægt að samskipti einstaklinga grundvallist á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust, jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Einkunnarorð Árbæjarskóla eru: Ánægja – Áhugi – Ábyrgð – Árangur og er þeim ætlað að gefa tóninn fyrir skólabraginn og vera leiðarljós í öllu starfi skólans. Gengið er út frá því að ánægður og áhugasamur einstaklingur sem tekst á við skyldur sínar af ábyrgð og festu nái árangri í starfi sínu. Þannig er gott sjálfstraust og jákvæð sjálfsmynd grundvöllur sjálfstæðra vinnubragða og góðrar samvinnu. Eins þarf hver einstaklingur að temja sér ábyrga umgengni og bera ábyrgð á sínu nánasta umhverfi og samfélagi. Í Árbæjarskóla er lögð áhersla á að hjálpa nemendum að ná tókum á ofangreindum þáttum.

Árangursríkt skólastarf byggir einnig á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla. Forráðamenn nemenda þekkja börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir séu í góðri

samvinnu við kennara og skólastjórnendur og hafi samband hvenær sem þeir telja þörf á, bæði til að efla og styrkja náms- og félagsfærni nemenda.

Í Árbæjarskóla eru um 720 nemendur og við skólann starfa rúmlega 100 manns. Góð íþróttaaðstaða er við skólann en þar er íþróttahús, sundlaug, gervigrasvöllur og stór skólalóð með fjölbreyttum íþróttavöllum og möguleikum til leikja. Íþróttir nemenda í 1. – 6. bekk eru kenndar í íþróttahúsi skólans en nemendum í 7. - 10. bekk er kennt í Fylkishöllinni. Gott samstarf er við leikskóla hverfisins, Íþróttafélagið Fylki, Frístundamiðstöðina Brúna, Orkuveitu Reykjavíkur o.fl.

Félagsmiðstöðin Ársel heldur utan um félagslífið á unglingastigi, ásamt kennurum skólans. Félagslífið er mjög blómlegt og má þar m.a. nefna: haustball, jólaball, JÁ-núar, árshátíð, söngleik og vörball. Á yngri stigum er félagslífið í höndum umsjónarkennara. Auk þess eru leiksýningar margar á yngri stigum, hæfileikakeppni, vorhátíðir og fjöldi annarra viðburða.

2.1 Tilgangur og markmið matsins

Í *Leiðbeiningum um innra mat* (2011, bls. 7) sem tekur voru saman að frumkvæði Íslenska matsfræðifélagsins kemur fram að tilgangur innra mats skóla sé tvenns konar. Í fyrsta lagi er horft til þess að þeim fjármunum sem settir eru í skólastarfið sé vel varið en auk þess gegnir matið því hlutverki að styðja við innviði starfsins og aðstoða starfsfólk við að gera það betra.

Tilgangurinn er því eins og fram kom í inngangi að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum og greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Ekki má gleyma því að skólastarf snýr fyrst og fremst að nemendum og fjölbreyttum árangri þeirra. Þess vegna er mikilvægt að huga að öllum sviðum skólastarfsins en þau hafa vissulega áhrif á námsárangur.

Í matinu verður hugað að þáttum eins og skólastjórnuninni, faglegri þróun starfsfólks, nýtingu bjarga, skipulagningu kennslu, virkri þátttöku nemenda og starfsfólks í starfi skólans, gæðaþróun o.s.frv. (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011, bls.7).

Sjálfsmatsáætlun Árbæjarskóla er sett upp út frá fyrrnefndum viðmiðum. Hugmyndin er að styðjast fyrst og fremst við formlegt mat, þar sem traustra upplýsinga er aflað á kerfisbundinn

hátt til að meta gildi og gæði þjónustunnar og leiðsagnarmat þar sem meta á þjónustuna með það í huga að það nýtist þeim sem starfa í skólanum og leiði til þess að þjónustan verði eflað og styrkt. Einnig verður hugað að óformlegu mati svo sem samtali á starfsmannafundum, kennarafundum, stigfundum, fagfundum o.s.frv. Mjög mikilvægt mat á sér stað á þessum vettvangi, mat sem oft er ekki skráð með formlegum hætti.

Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé horft til innra mats í þessari áætlun fléttast ytra mat einnig inn í matið. Skólinn nýtir t.d. kannanir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum til að greina stöðu og þarfir innan skólans og er það mikilvæg viðbót við innra matið.

Eins og fram kom í lýsingu á skólanum hér fyrir framan leggur skólinn áherslu á nemandann og þarfir hans. Með hliðsjón af því verður lagt mat á eftirfarandi þætti:

1. Hvort skólinn hafi skýra sýn og styrka stjórn?
2. Hvort kennsluhættir og mat mæti ólíkum þörfum nemenda og bæti árangur þeirra?
3. Hvort nemendum líði vel í skólanum og hvort þeir hafi áhuga á náminu?
4. Hvort það sé góður starfsandi í skólanum að mati starfsmanna og áhugi á skólaþróun?
5. Hvort foreldrar séu ánægðir með samstarfið á milli heimilis og skóla?

Verkefnið er umfangsmikið en margir koma að því og því teljum við það gerlegt. Nauðsynlegt er að minna á eftirfarandi:

Mat á skólastarfi getur haft verulegt gildi ef það er vel unnið. Það er ekki greiði við neinn að halda áfram að veita kennslu sem ekki skilar þeim árangri sem vænst var og það er mikilvægt að bæta skólastarf svo að það skili eins góðum árangri og mögulegt er. (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 24)

Matið lagar ekkert eitt og sér heldur það sem gert er í kjölfarið. Því er lögð áhersla á að gera matið skýrt og aðgengilegt og birta sjálfsmatsáætlun, umbótaáætlun svo og allar niðurstöður á vefsíðu skólans.

2.2 Matsteymið

Í matsteymi Árbæjarskóla sitja 6 fulltrúar. Skólastjóri auk fulltrúa annarra stjórnenda, kennara og starfsmanna. Matsteymið vinnur með skólaráði þar sem einnig sitja nemendur og foreldrar. Upplýsingar um fulltrúa í matsteymi er að finna á vefsíðu skólans. Forsenda fyrir setu í

matsteymi er að fulltrúar hafi áhuga á mati og sjái tilgang með því. Teymisstjórar eru tveir þessara sex fulltrúa sem teymið kemur sér saman um. Fulltrúar í teyminu sitja í því í 2 ár en lögð er áhersla á að ekki hætti allir í einu heldur að fulltrúum sé skipt út árlega. Deildarstjóri verkefna aðstoðar við innra mat.

Það er teymisins að setja niður sjálfsmatsáætlun skólans og verður hún nú í fyrsta sinn sett til fimm ára. Engu að síður setja lög og reglugerðir ýmsar kvaðir á herðar skólans varðandi mat og því liggur fyrir grunnur að matsþáttum sem teymið útfærir nánar. Teymið leggur áætlunina fyrir skólaráð þar sem sitja fulltrúar foreldra, nemenda og grenndarsamfélags og geta þeir gert athugasemdir við matsþætti og framkvæmd og/eða komið með tillögur að nýjum matsþáttum.

Nauðsynlegt er fulltrúar í teyminu skipti með sér verkum þegar kemur að matinu sjálfu og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum. Teymið tekur sjálft ákvarðanir varðandi skiptingu verka, þar sem styrkleikar hvers meðlims skipta máli.

Siðareglur eru mikilvægar fyrir meðlimi teymisins. Matið tekur til nemenda, foreldra svo og starfsmanna og því er mikilvægt að borin sé virðing fyrir öllum þessum aðilum og niðurstöðum matsins. Nauðsynlegt er að teymið hafi að leiðarljósi þætti eins og að:

- það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu
- það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim
- það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku
- matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra
- niðurstöður séu túlkaðar hógværliga
- borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu
- mismunandi aðstæður fólks séu virtar
- borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakendanna og almennings.

(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 151)

Siðareglur af þessu tagi eru matsteyminu nauðsynlegar og mikilvægt að þær séu rifjaðar upp árlega.

3. Fræðileg umfjöllun

Í fræðilegri umfjöllun teljum við mikilvægt að fjalla um ytra mat á skólum, áherslur og viðmið (gæðaviðmið) sem Menntamálastofnun ber ábyrgð á. Viðmiðin hafa sannanlega mikil áhrif á

innra mat skólanna og væntanlega einnig á störf þeirra. Einnig verður í kaflanum fjallað um helstu kenningar og nálganir sem nýttar eru í mati skólans og þær útskýrðar.

3.1 Ytra mat grunnskóla og áhrif þess á innra mat

Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald (nr. 658/2009) er, auk ákvæða um innra mat skóla, að finna ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga og mennta- og barnamálaráðuneytis með skólastarfi.

Faghópur sem samanstóð af fulltrúum þessara aðila lagði til að ytra mat á grunnskólum myndi í fyrstu umferð ná til valdra þátta sem kalla mætti lykilþætti í umbótastarfi. Þrjú þættir urðu fyrir valinu þ.e. stjórnun, nám og kennsla og innra mat skóla.

Með þessari ákvörðun hafa þessir tveir aðilar, rekstraraðilinn og eftirlitsaðilinn, beint athyglinni að þremur þáttum og jafnframt sett fram skilgreind viðmið um gæði í skólastarfi. Þessi viðmið eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Einnig voru til hliðsjónar áherslur í Menntastefnu Reykjavíkurborgar og straumar í skólastefnum sveitafélaga og hjá Kennarasambandi Íslands, sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020, litið til viðmiða í nágrennalöndum okkar sem og viðmiða Reykjavíkurborgar um heildarmat (Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2011, bls. 3).

Þriðji hluti ytra matsins fjallar um innra mat grunnskóla þar sem lagt er mat á framkvæmdina innan skólans og umbótastarfið í kjölfar matsins. Til þessara viðmiða er nauðsynlegt að horfa þegar unnið er að gerð sjálfsmatsáætlunar því þrátt fyrir að þau séu sögð vera viðmið þá eru þau sett af rekstrar- og eftirlitsaðila og hafa því tvímælalaust meiri áhrif en önnur viðmið. Viðmiðin voru endurskoðuð haustið 2022 með hliðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, menntastefnu til 2030 auk aðgerðaráætlunar og reglugerðar um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda.

3.2 Nálganir

Við mat á skólastarfi er nauðsynlegt að hafa í huga að hægt er að meta á marga mismunandi vegu. Oft detta matsteymi í þá gryfju að hafa allar upplýsingar megindlegar en nýta sér fáar aðrar aðferðir við upplýsingaöflun. Megindlegar aðferðir hafa þá kosti að auðvelt er að vinna

úr gögnum, svörun er yfirleitt ágæt og með þeim má ná til stórs hóps. Niðurstöður eru tölfræðilegar og oftast auðlæsilegar auk þess sem auðvelt er að setja viðmið sem flestir skilja. Skólapúlsinn og Skóla- og frístundasvið (SFS) nýta sér meginlegar rannsóknaraðferðir og ná þannig utan um marga þætti skólastarfsins. Með tilkomu Skólapúlsins og með reglulegum könnunum SFS hafa skólar getað borið sig saman við aðra skóla og séð hvar þeir standa í þeim samanburði. Hins vegar er tilgangurinn með mati á skólastarfi ekki bara sá að meta til að fá tölulegar upplýsingar heldur er markmiðið að fá upplýsingar um hvernig starfið fer fram og hvernig hægt er að bæta það.

Í Árbæjarskóla er leitast við að hafa matið á skólastarfinu fjölbreytt og því er ekki stuðst við eina nálgun heldur nokkrar.


Í sjálfsmatsskýrslu skólans er leitast við að hafa niðurstöður eins nákvæmar og hægt er. Niðurstöður geta þó verið trúnaðarmál eða erfitt að greina frá þeim og má þar nefna dæmi um niðurstöður úr nemendasamtölum og athugun á gæðum kennslu. Því koma nákvæmar niðurstöður ekki fram við skýrslugerð í því mati þar sem taka þarf tillit til persónuverndar.

Hafa ber í huga að erfitt er að skilgreina nálganir því þær skarast og oft getur mat flokkast að hluta til undir fleiri en eina nálgun.

4. Aðferðir og framkvæmd

Við skipulagningu sjálfsmatsins var lögð áhersla á að gera skýra sjálfsmatsáætlun. Þetta stóra verkefni er brotið niður í smærri einingar til að einfalda það. Þetta form teljum við einnig auðvelda úrvinnslu vegna þess að unnið er jafnt og þétt yfir veturinn að minni verkefnum og þau tengd jafnóðum. Teljum við að skipulagið auki gæði matsins þar sem verkefnið verður meðal annars viðráðanlegra.

Innra mat (sjálfsmat) hefur hvorki upphaf né endi heldur er sífellt í gangi (sjá mynd hér fyrir neðan). Því er mikilvægt að hluta það niður í vel framkvæmanlegar einingar og í Árbæjarskóla hefur verið ákveðið að setja verkefnin niður á mánuði.



(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 152)

Þegar hverjum matsþætti er lokið er niðurstöðum skilað. Matið er í gangi allt árið, niðurstöður koma jafnt og þétt yfir veturinn og strax hægt að bregðast við þeim með umbótaáætlun eða annars konar aðferðum (s.s. að hætta einhverju strax sem ekki virkar). Samantekt á niðurstöðum er síðan birt í lok hvers skólaárs auk umbótaáætlunar.

Við matið er stuðst við margs konar matsaðferðir, eigindlegar, meginglegar og blandaðar aðferðir. Lögð er áhersla á að nota aðferðir sem best svara matsspurningunum í hvert sinn.

Sem dæmi má nefna hefðbundnar spurningakannanir (eins og SFS og Skólapúlsinn leggja fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra), starfsmannasamtöl sem tekin eru af stjórnendum, fundir með fagkennurum, kennurum í árgangi, einstaklings- og/eða rýnihópaviðtöl s.s. með nemendum, umræðufundir með nemendum (hver árgangur fyrir sig eða stærri hópar), matsfundur með skólaráði, starfsmannafundir og fundir í nemendaráði, vettvangsathuganir til að skoða kennslu út frá útgefnum viðmiðum og ýmsar aðrar leiðir.

Fjölbreyttar aðferðir geta veitt okkur sýn frá mismunandi sjónarhornum og þannig rennt styrkari stoðum undir niðurstöðurnar. Sem dæmi má nefna að nemendur í 6. – 10. bekk fara reglulega í hefðbundnar spurningakannanir hjá Skólapúlsinum en viðhorf þeirra koma líka fram á rýnifundum og þegar samráð er haft við nemendaráð. Þannig styrkist matið.

4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun

Hér fyrir aftan er fyrrnefndur grunnur að sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárin 2023-2028. Í grunninum koma fram fastir matsþættir sem mældir eru árlega auk þátta sem mældir eru annað hvert ár. Í viðauka er gerð grein fyrir hverjum matsþætti fyrir sig auk viðmiða um árangur. Taflan sem hér fer á eftir nær yfir flest það sem ætlunin er að meta, því eðli málsins samkvæmt geta áætlanir breyst, verkefni bættast við eða detta út, óvæntar aðstæður geta komið upp o.s.frv. Skólinn leggur þó áherslu á að flest sé hér að finna. Neðar í þessu skjali er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem einnig lúta að mati en eru ekki tímasett eða fastur liður í skólasterfinu og/eða ekki gerðar af skólanum sjálfum.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kynning á matsáætlun 2. Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar, farið yfir sýn skólans og gildi, reglugerð um hæfniramma nr. 1355/2022 o.fl. 3. Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim skv. viðmiðum skóla. 4. Farið yfir niðurstöður Skólapúls síðasta árs og áhersluþætti ársins út frá þeirri niðurstöðu. 5. Mat á skólasterfi skv. viðmiðum um „Gæðastarf í grunnskólum“ (frá MMS). Vorið 2023 átti að taka þessa þætti fyrir: 2.2 Árangur náms og 2.6. Ábyrgð og þátttaka. Árbæjarskóli tók einungis fyrir Ábyrgð og þátttöku og þarf að vinna úr þeim gögnum. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Matsteymi 2. Skólastjórnendur 3. Kennarar/skólastjórnendur 4. Skólastjórnendur 5. Skólastjórnendur
September	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lesferill lagður fyrir. 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 3. Mat á kennslu hefst á haustönninni (jafningjamat) og einnig hópsamtöl við kennarateymi/proskabjálfa. Áhersla ákveðin á hverju hausti. 2023: Áhersla m.a. á virkni nemenda og aðlögun námsefnis. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aðstoðarskólastjóri yngsta og miðstigi 2. Aðstoðarskólastjórar 3. Deildarstjóri verkefna 4. Skólastjórnendur

	<p>4. Börn og netmiðlar, könnun á vegum HÍ í 4. – 7. bekk.</p> <p>5. Mat á skólastarfi skv. viðmiðum um „Gæðastarf í grunnskólum“ (frá MMS). Eftirfarandi viðmið verða tekin fyrir: Haustið 2022: 2.2 Árangur náms (náðist ekki að vinna) Haustið 2023: 2.1 Inntak og námskrár Haustið 2024: 2.3 Gæði kennslu Haustið 2025: 2.4 Skipulag náms Haustið 2026: 2.5 Námsvitund Haustið 2027: 1.1 Samvirkni í stefnumótun.</p>	<p>5. Deildarstjóri verkefna</p> <p>6. Matsteymi</p>
Október	<p>1. Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl (sjálfsmat nemenda).</p> <p>2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 2. – 10. bekk</p> <p>3. Niðurstöður Lesferils rýndar</p> <p>4. Matsferill verður lagður fyrir þegar hann verður útgefinn og niðurstöður rýndar í framhaldinu.</p> <p>5. Hagir og líðan í 8. – 10. bekk (R&G)</p> <p>6. Gróskukönnunin Selfie lögð fyrir haustið 2023/25/27</p> <p>7. „Börn og netmiðlar“ lögð fyrir haustið 2023 á vegum HÍ</p> <p>8. Rannsókn og greining leggur fyrir „Hagir og líðan í 5. – 7. bekk“ haustið 2023 (óvíst með framhaldið).</p>	<p>1. Umsjónarkennarar</p> <p>2. Deildarstjóri verkefna</p> <p>3. Aðstoðarskólastjórar</p> <p>4. Aðstoðarskólastjórar</p> <p>5. Deildarstjóri verkefna</p> <p>6. Deildarstjóri verkefna</p> <p>7. Deildarstjóri verkefna</p> <p>8. Deildarstjóri verkefna</p>
Nóvember	<p>1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</p> <p>2. Mat á skipulagi og framboði valgreina, samráði við kennara á unglíngastigi fyrir næsta skólaár.</p>	<p>1. Deildarstjóri verkefna og kennarar</p> <p>2. Aðstoðaskólastjóri unglíngadeildar</p>
Desember	<p>1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</p> <p>2. Þjóðfundur með nemendum í öllum árgöngum.</p>	<p>1. Deildarstjóri verkefna</p> <p>2. Aðstoðarskólastjórar</p> <p>3. Aðstoðarskólastjóri</p>

	3. Mat á framboði valgreina, samráð við 9. og 10. bekk um valgreinar, fyrir næsta skólaár.	unglingadeildar
Janúar	<p>1. Lesferill lagður fyrir.</p> <p>2. Áhersla skólaráðsfundar er á nemendum og líðan (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara t.d. í náminu, hvað getum við gert til að öllum líði vel og niðurstöður þjóðfundar frá því í desember).</p> <p>3. Mat á kennslu og samhliða því starfsmannasamtöl .</p> <p>4. Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinum), farið yfir niðurstöður með skólaráði og starfsfólki.</p> <p>5. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</p> <p>6. Mat á skólastarfi skv. viðmiðum um „Gæðastarf í grunnskólum“ (frá MMS). Eftirfarandi viðmið verða tekin fyrir: Vorið 2023: 2.6 Ábyrgð og þátttaka Vorið 2024: 1.2 Faglegt samstarf og samræða Vorið 2025: 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga Vorið 2026: 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Vorið 2027: 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskiptin 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir Vorið 2028: 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks.</p>	<p>1. Aðstoðarskólastjóri unglinda- deildar</p> <p>2. Aðstoðarskólastjórari</p> <p>3. Skólastjóri</p> <p>4. Skólastjórnendur</p> <p>5. Deildarstjóri verkefna</p> <p>6. Matsteymi/skólastjóri</p>
Febrúar	<p>1. Starfsmannakönnun, stofnun ársins. SFS - árlega</p> <p>2. Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl (sjálfsmat nemenda).</p> <p>3. Foreldrakönnun á vegum SFS (2024, 2026, 2028).</p>	<p>1. Deildarstjóri verkefna</p> <p>2. Umsjónarkennarar</p> <p>3. Deildarstjóri verkefna</p>

	<ol style="list-style-type: none"> 4. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 5. Niðurstöður Lesferils rýndar 6. Pisa lögð fyrir 2025. 7. Íslenskar æskulýðsrannsóknir lagðar fyrir árlega í 4., 6., 8. og 10. bekk. 8. Talis lögð fyrir 2025. 9. R og G lagði fyrir vímuefnakönnun 2023, óvíst með framhaldið. 	<ol style="list-style-type: none"> 4. Deildarstjóri verkefna 5. Aðstoðarskólastjórar 6. Deildarstjóri verkefna 7. Deildarstjóri verkefna 8. Deildarstjóri verkefna 9. Deildarstjóri verkefna.
Mars	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 2. Niðurstöður rekstrar árið á undan. 3. Matsferill verður lagður fyrir þegar hann verður útgefinn. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna 2. Fjármálastjóri SFS skilar til skólastjóra sem miðlar til m.a. skólaráðs 3. Aðstoðarskólastjórar
Apríl	<ol style="list-style-type: none"> 1. Farið yfir viðmið kennsluáætlana fyrir næsta skólaár. 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kennarar/stjórnendur 2. Deildarstjóri verkefna
Mái	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. 2. Lesferill lagður fyrir og niðurstöður rýndar. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna 2. Aðstoðarskólastjórar
Júní	<ol style="list-style-type: none"> 1. Matsfundur á stafsmannafundum í lok árs, það sem starfsfólk og stjórnendur óska eftir að fá að ræða/yfirfara. 2. Samantekt á þróunarverkefnum. 3. Yfirferð lögbundinna áætlana. 4. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Stjórnendur 2. Skólastjórnendur/kennarar 3. Skólastjórnendur 4. Matsteymi/stjórnendur

SFS og Skólapúlsinn gera stærstu meginlegu kannanirnar og senda skólanum niðurstöður. Um er að ræða kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk og eru niðurstöðurnar rýndar af matsteyminu og stjórnendum.

Vera kann að skólinn ákveði að leggja fyrir aðrar kannanir en hér eru nefndar. Sem dæmi má nefna tengslakannanir sem oft eru lagðar fyrir í bekkjum þar sem samskipti eru erfið eða verið

er að raða í nýja bekki. Skóli er lifandi samfélag og stundum þarf að bregða út af áætlunum og fara aðrar leiðir.

4.2 Sérverkefni skóla

Mat á sérverkefnum skóla fer einnig fram með reglubundnum hætti. Þar getur komið inn mat á verkefnum eins og Byrjendalæsi, stærðfræðikennslu, leiðsagnarnámi o.s.frv. Teymin sem sjá um viðkomandi verkefni sjá einnig um mat á þeim í samvinnu við matsteymi skólans en lögð er áhersla á að viðmiðin um matið séu skýr. Fjöldi verkefna getur verið mismunandi frá ári til árs.

4.3 Aðrar kannanir

Til viðbótar skipulögðum könnunum á vegum skólans bætast stundum við aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir af Skóla- og frístundasviði eða í tengslum við mennta- og barnamálaráðuneytið s.s. Talis og Pisa. Eftirfarandi er listi yfir kannanir sem lagðar eru fyrir reglulega.

1. Kortlagning á gönguleiðum og umferðaröryggi skólabarna, lögð fyrir 2023 og næst 2027.
2. Íslenska Æskulýðsrannsóknin, 4., 6., 8. og 10. bekkur, árlega á vorönn.
3. Talis, næst lögð fyrir 2025.
4. R&G leggur fyrir könnunina Hagir og líðan í 5.-7. bekk 2023 (óvíst með framhaldið)
5. R&G leggur fyrir vímuefnaspurningar fyrir 8.-10. bekk í febrúar 2023 (óvíst með framhaldið).
6. R&G mun leggja Hagi og líðan fyrir 8.-10. bekk haustið 2023 (óvíst með framhaldið).
7. Áætlað er að leggja fyrir Matsferil 2024 eða 2025 (kemur í stað samræmdra prófa).
8. Gróskukönnunin, Selfie, lögð fyrir annað hvert ár, þ.e. haustið 2023/2025/2027.
9. Pisa, lögð næst fyrir 2024
10. Starfsmannakönnunin, Stofnun ársins, lögð fyrir á vorönn árlega.
11. Börn og netmiðlar verður lögð fyrir haustið 2023, á vegum HÍ.
12. Tengslakannanir á vegum skólans, lagðar fyrir eftir þörfum.
13. Ýmiss gagnaöflun hjá SFS (skóla- og frístundasvið), s.s. stjórnendavagn.

Niðurstöður allra kannana og greining á þeim eru kynntar fyrir hagsmunaaðilum og settar í sjálfsmatsskýrslu að vori.

4.4 Skimanir stoðþjónustu

Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um stoðþjónustu skólans í samvinnu við aðra skólastjórnendur. Settur hefur verið upp listi yfir skimunarpróf til að fylgjast með framvindu náms og finna þá nemendur sem eiga við námserfiðleika að etja. Tekið skal fram að þó svo að sérkennari sé ábyrgur fyrir ákveðnum þáttum þá lýtur það fyrst og fremst að yfirstjórn verkefnanna.

Verkferlar

Aldur	Skimun	Áhersluþættir	Framkvæmd og ábyrgð
1. bekkur	Lesferill og lesskimun fyrir 1. bekk	Lesfimi, hljóðkerfisvitund, stafabekking og málskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesskimun fyrir 1. bekk. Lögð fyrir í október • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
2. bekkur	Lesferill Lesmál	Lesfimi og málskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Lesmál í apríl • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
3. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
4. bekkur	Lesferill, Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
5. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
6. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
7. bekkur	Lesferill og	Lesfimi og	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí

	Orðarún	lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
8. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
9. bekkur	Lesferill	Lesfimi	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
10. bekkur	Lesferill	Lesfimi	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu

Milli mála könnunarprófið er lagt fyrir nemendur af erlendum uppruna sem hafa búið á Íslandi í tvö ár eða lengur. Viðmiðið er að prófið sé lagt fyrir í lok skólaárs hjá nemendum í 1., 4. og 7. bekk. Einnig er prófið lagt fyrir nýja nemendur í 8. bekk hafi það ekki verið lagt fyrir við lok 7. bekkjar. Niðurstöðunum er skilað til SFS í október ár hvert.

Til viðbótar því að finna þá nemendur sem skera sig úr er lögð áhersla á kanna hvort framfarir séu hjá nemendum. Sérkennarar skólans bera ábyrgð á þessu verkefni og horfa til viðmiða sem sett eru með hverju skimunarprófi auk þess sem dreifing niðurstaðna er skoðuð.

Stoðþjónusta, stjórnendur og kennarar meta niðurstöður Matsferils þegar hann verður tekinn í notkun. Skoðað verður hvað gengur vel og hvað má betur fara. Það er hlutverk stoðþjónustu að sjá til þess að nemendum sem eiga erfitt með nám, sem sýna lítinn árangur, litlar framfarir sé sinnt. Áhersla er á að þeim sé sinnt innan bekkjar sé þess nokkur kostur.

Stoðþjónusta skólans sinnir vel þeim börnum sem þurfa mikinn stuðning í námi. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna náið með umsjónarkennurum/faggreinakennurum þannig að allir séu vel upplýstir um þann stuðning sem nemendur fá.

5. Lokaorð

Eins og fram kom í inngangsorðum er markmið þessarar áætlunar að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Árbæjarskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Stjórnendur lögðu strax í upphafi áherslu á að gera áætlun sem þeir töldu að væri framkvæmanleg í skólaumhverfinu, ekki of umfangsmikil.

Við teljum mikilvægt að í Árbæjarskóla fari mestur tími kennara í að undirbúa og þróa kennsluna, sinna nemendum, foreldrasamstarfi og starfsþróun, enda teljum við það koma nemendum okkar best, vera mikilvægustu verkefni skólans. Við gerð áætlunarinnar var því horft til þessarar áherslu. Markmiðið er samt að virkja kennarana í matinu.

Í matinu teljum við mikilvægt að skólinn horfi til þess að ná eigin markmiðum og bæta innra starf. Að miða sig stöðugt við aðra skóla getur verið erfitt því ytri þættir eins og uppbygging hverfa, reynsla starfsfólks, menntunarstig foreldra og samsetning nemendahópa getur verið ólík eftir skólum. Við teljum því mikilvægt að horfa til framfara, að meta út frá eigin viðmiðum og gleyma því ekki að horfa á það sem vel gengur í skólanum og styrkja þá þætti. Þó svo að samanburður sé góður þá verðum við að vera meðvituð um að skólar geta verið mjög ólíkir og því á stundum varla samanburðarhæfir.

Skólastarf þarf að vera í stöðugri þróun m.a. vegna breytinga í umhverfi skóla, vegna tækniþróunar, vegna breyttra áherslna og stefnu löggjafans og eftirlitsaðilans, vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu, vegna ólíkra nemenda o.s.frv. Sjálfsmatið þarf að þróast eins og annað starf skólans og mikilvægt er að meta ávallt það sem skólinn er að gera og huga jafnframt að því sem hann ætti að vera að gera. Sjálfsmat skóla tekur aldrei enda og er í stöðugri þróun.

Heimildaskrá

Birna Sigurjónsdóttir, Gunnhildur Harðardóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir. (2022).

Gæðastarf í grunnskólum.. Sótt af

https://mms.is/sites/mms.is/files/endurskodun_vidmida_25_november_2022.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2011). Leiðbeiningar um innra mat skóla. Sótt af <http://eval.is/wp-content/uploads/2011/08/Lei%C3%B0beiningar-um-innra-mat-uppsett-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). *Mat á skólastarfi, handbók um matsfræði*. Reykjavík, Hólar.

Skólapúlsinn. (e.d.). Um vefkerfið. Sótt af http://skolapulsinn.com/um/?page_id=239

Grunnur að sjálfsmatáætlun

(sömu áætlun er að finna ofar í skjalinu)



Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kynning á matsáætlun 2. Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar, farið yfir sýn skólans og gildi, reglugerð um hæfniramma nr. 1355/2022 o.fl. 3. Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim skv. viðmiðum skóla. 4. Farið yfir niðurstöður Skólapúls síðasta árs og áhersluþætti ársins út frá þeirri niðurstöðu. 5. Mat á skólastarfi skv. viðmiðum um „Gæðastarf í grunnskólum“ (frá MMS). Vorið 2023 átti að taka þessa þætti fyrir: 2.2 Árangur náms og 2.6. Ábyrgð og þátttaka. Árbæjarskóli tók einungis fyrir Ábyrgð og þátttöku og þarf að vinna úr þeim gögnum. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Matsteymi 2. Skólastjórnendur 3. Kennarar/skólastjórnendur 4. Skólastjórnendur 5. Skólastjórnendur
September	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lesferill lagður fyrir. 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 3. Mat á kennslu hefst á haustönninni (jafningjamat) og einnig hópsamtöl við kennarateymi/þroskajálfa. Áhersla ákveðin á hverju hausti. 2023: Áhersla m.a. á virkni nemenda og aðlögun námsefnis. 4. Börn og netmiðlar, könnun á vegum HÍ í 4. – 7. bekk. 5. Mat á skólastarfi skv. viðmiðum um „Gæðastarf í grunnskólum“ (frá MMS). Eftirfarandi viðmið verða tekin fyrir: 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aðstoðarskólastjóri yngsta og miðstigi 2. Aðstoðarskólastjórar 3. Deildarstjóri verkefna 4. Skólastjórnendur 5. Deildarstjóri verkefna 6. Matsteymi

	<p>Haustið 2022: 2.2 Árangur náms (náðist ekki að vinna)</p> <p>Haustið 2023: 2.1 Inntak og námskrár</p> <p>Haustið 2024: 2.3 Gæði kennslu</p> <p>Haustið 2025: 2.4 Skipulag náms</p> <p>Haustið 2026: 2.5 Námsvitund</p> <p>Haustið 2027: 1.1 Samvirkni í stefnumótun.</p>	
Október	<ol style="list-style-type: none"> 1. Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl (sjálfsmat nemenda). 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 2. – 10. bekk 3. Niðurstöður Lesferils rýndar 4. Matsferill verður lagður fyrir þegar hann verður útgefinn og niðurstöður rýndar í framhaldinu. 5. Hagir og líðan í 8. – 10. bekk (R&G) 6. Gróskukönnunin Selfie lögð fyrir haustið 2023/25/27 7. „Börn og netmiðlar“ lögð fyrir haustið 2023 á vegum HÍ 8. Rannsókn og greining leggur fyrir „Hagir og líðan í 5. – 7. bekk“ haustið 2023 (óvíst með framhaldið). 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Umsjónarkennarar 2. Deildarstjóri verkefna 3. Aðstoðarskólastjórar 4. Aðstoðarskólastjórar 5. Deildarstjóri verkefna 6. Deildarstjóri verkefna 7. Deildarstjóri verkefna 8. Deildarstjóri verkefna
Nóvember	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 2. Mat á skipulagi og framboði valgreina, samráði við kennara á unglíngastigi fyrir næsta skólaár. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna og kennarar 2. Aðstoðarskólastjóri unglíngadeildar
Desember	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 2. Þjóðfundur með nemendum í öllum árgöngum. 3. Mat á framboði valgreina, samráð við 9. og 10. bekk um valgreinar, fyrir næsta skólaár. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna 2. Aðstoðarskólastjórar 3. Aðstoðarskólastjóri unglíngadeildar
Janúar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lesferill lagður fyrir. 2. Áhersla skólaráðsfundar er á nemendum og líðan (hvað þau eru ánægð með, hvað 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aðstoðarskólastjóri unglíngadeildar 2. Aðstoðarskólastjórar

	<p>má betur fara t.d. í náminu, hvað getum við gert til að öllum líði vel og niðurstöður þjóðfundar frá því í desember).</p> <ol style="list-style-type: none"> 3. Mat á kennslu og samhliða því starfsmannasamtöl . 4. Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinum), farið yfir niðurstöður með skólaráði og starfsfólki. 5. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 6. Mat á skólastarfi skv. viðmiðum um „Gæðastarf í grunnskólum“ (frá MMS). Eftirfarandi viðmið verða tekin fyrir: Vorið 2023: 2.6 Ábyrgð og þátttaka Vorið 2024: 1.2 Faglegt samstarf og samræða Vorið 2025: 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga Vorið 2026: 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Vorið 2027: 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskiptin 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir Vorið 2028: 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks. 	<ol style="list-style-type: none"> 3. Skólastjóri 4. Skólastjórnendur 5. Matsteymi/skólastjóri 6. Verkefnastjóri í UT
Febrúar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Starfsmannakönnun, stofnun ársins. SFS - árlega 2. Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl (sjálfsmat nemenda). 3. Foreldrakönnun á vegum SFS (2024, 2026, 2028). 4. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 5. Niðurstöður Lesferils rýndar 6. Pisa lögð fyrir 2025. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna 2. Umsjónarkennarar 3. Deildarstjóri verkefna 4. Deildarstjóri verkefna 5. Aðstoðarskólastjórar 6. Deildarstjóri verkefna

	<ul style="list-style-type: none"> 7. Íslenskar æskulýðsrannsóknir lagðar fyrir árlega í 4., 6., 8. og 10. bekk. 8. Talis lögð fyrir 2025. 9. R og G lagði fyrir vímuefnakönnun 2023, óvíst með framhaldið. 	<ul style="list-style-type: none"> 7. Deildarstjóri verkefna 8. Deildarstjóri verkefna 9. Deildarstjóri verkefna.
Mars	<ul style="list-style-type: none"> 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 2. Niðurstöður rekstrar árið á undan. 3. Matsferill verður lagður fyrir þegar hann verður útgefinn. 	<ul style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna 2. Fjármálastjóri SFS skilar til skólastjóra sem miðlar til m.a. skólaráðs 3. Aðstoðarskólastjórar
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> 1. Farið yfir viðmið kennsluáætlana fyrir næsta skólaár. 2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. 	<ul style="list-style-type: none"> 1. Kennarar/stjórnendur 2. Deildarstjóri verkefna
Mái	<ul style="list-style-type: none"> 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. 2. Lesferill lagður fyrir og niðurstöður rýndar. 	<ul style="list-style-type: none"> 1. Deildarstjóri verkefna 2. Aðstoðarskólastjórar
Júní	<ul style="list-style-type: none"> 1. Matsfundur á stafsmanafundum í lok árs, það sem starfsfólk og stjórnendur óska eftir að fá að ræða/yfirfara. 2. Samantekt á þróunarverkefnum. 3. Yfirferð lögbundinna áætlana. 4. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla. 	<ul style="list-style-type: none"> 1. Stjórnendur 2. Skólastjórnendur/kennarar 3. Skólastjórnendur 4. Matsteymi/stjórnendur

Aðrar kannanir sem flestar eru gerðar af aðilum utan skólans:

1. Kortlagning á gönguleiðum og umferðaröryggi skólabarna 2023 og næst 2027.
2. Íslenska Æskulýðsrannsóknin, 4., 6., 8. og 10. bekkur, árlega á vorönn.
3. Talis, 2025.
4. R&G leggur fyrir könnunina Hagir og líðan í 5.-7. bekk 2023 (óvíst með framhaldið).
5. R&G leggur fyrir vímusurningar fyrir 8.-10. bekk í febrúar 2023 (óvíst með framhaldið).

6. R&G mun leggja Hagir og líðan fyrir 8.-10. bekk haustið 2023 (óvíst með framhaldið).
7. Áætlað er að leggja fyrir Matsferil 2024 eða 2025 (kemur í stað samræmdra prófa).
8. Gróskukönnunin, Selfie, lögð fyrir annað hvert ár, þ.e. 2023/2025/2027.
9. Starfsmannakönnunin, Stofnun ársins, lögð fyrir á vorönn árlega.
10. Pisa, lögð næst fyrir 2024.
11. Börn og netmiðlar verður lögð fyrir haustið 2023, á vegum HÍ.
12. Tengslakannanir á vegum skólans, lagðar fyrir eftir þörfum.
13. Ýmis gagnaöflun hjá SFS. Stjórnendavagn 3-5 sinnum á ári.

Gæðaviðmið MMS

Frá og með hausti 2023 mun starfsfólk meta skólann og skólastarfið, skv. viðmiðum um Gæðastarf í grunnskólum sem MMS gaf út haustið 2022. Um er að ræða styrkt þróunarverkefni skólanna sem tengjast Austurmiðstöð þ.e. í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal, Grafarvogi og Kjalarnesi. Metið verður fjórum sinnum á ári á skólaárinu 2022-2023. Einn þáttur var metinn að vori 2023 en það var þáttur 2.6 „Ábyrgð og þátttaka“.

Þættir Gæðastarfs í grunnskólum eru eftirfarandi:

1. Stjórnun og fagleg forysta

- a. Samvirkni í stefnumótun
- b. Faglegt samstarf og samræða
- c. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- d. Umbætur og innleiðing breytinga
- e. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- f. Starfsmannastjórnun og verkaskiptin
- g. Leiðtogaþæfni stjórnenda og

2. Nám og kennsla

- 2.1 Inntak og námskrá
- 2.2 Árangur náms
- 2.3 Gæði kennslu
- 2.4 Skipulag náms
- 2.5 Námsvitund
- 2.6 Ábyrgð og þátttaka

3. Innra mat

- 3.1 Skipulag
- 3.2 Framkvæmd
- 3.3 Umbætur